

**3389. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
5. nóvember 2019 og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Elsa Lára Arnardóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1910189 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - viðbótarframlag eigenda

Beiðni Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um viðbótarframlag eigenda vegna fyrirsjáanlegs halla á yfirstandandi rekstrarári.

Tekur bæði til ársins 2019 og 2020.

Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarframlag til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna ársins 2019 sem tilkomið er vegna veikindaafleysingar. Kostnaðaraukanum samtals að fjárhæð kr. 5.998.000 verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Bæjarráð samþykkir að gera ráð fyrir viðbótarútgjöldum til Heilbrigðiseftirlits á árinu 2020 sem helgast af sömu ástæðum. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld Akraneskaupstaðar vegna Heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2020 verði kr. 8.930.000.

Lögboðið er að sveitarfélög standi undir þeim kostnaði eftirlitsins sem ekki er greiddur af þjónustugjöldum í málaflöknum og skipting kostnaðar í hverju heilbrigðisumdæmi fyrir sig fer samkvæmt íbúafjölda hvers sveitarfélags.

2. 1901379 – Faxabraut 7 – hækkun á álagningu fasteignagjalda á atvinnufyrirtæki

Lagt fram svar Akraneskaupstaðar frá 12. september síðastliðnum við erindi Nótastöðvarinnar.

Einnig lagt fram nýtt erindi Nótastöðvarinnar dags. 25. september 2019.

Bæjarráð ítrekar fyrri svör um að við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert er þessi þáttar tekjuöflunar sveitarfélagsins skoðaður ítarlega m.a. með samanburði við önnur sveitarfélög. Reynt er eftir fremsta megni að stilla hækkun gjaldanna í hóf miðað við áætlaða hækkun fasteignamats eftirfarandi árs. Hækkun gjaldanna á árinu 2020 mun taka mið af lífskjarasamningunum sem gerðir voru fyrr á árinu og ákvörðunin mun með formlegum hætti birtast við fjárhagsáætlunargerðina sem er til endanlegrar samþykktar hjá Akraneskaupstað þann 10. desember næstkomandi.

3. **1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023**

Fjárhagsáætlun 2020 (2021-2023)

Farið var yfir fyrirbyggjandi forsendur fjárhagsáætlunar, þær greiningar sem liggja fyrir, fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun og útkomuspá ársins 2019. Bæjarráð samþykkir jafnframt svohljóðandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lækkun álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir atvinnulóðir á Akranesi sem lögð var fram 3388. fundi bæjarráðs þann 31. október síðastliðinn:

Sjálfstæðisflokkurinn á Akranesi leggur fram þá tillögu í fjárhagsáætlunargerð Akraneskaupstaðar fyrir árið 2020 að fasteignaskattur C, þ.e. fasteignaskattur sem lagður er á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði sem ekki fellur undir A- og B- skatt, fari niður í 1,400 prósentustig af fasteignamati atvinnuhúsnæðis. Árið 2019 var álagningarprósenta 1,5804 en tillaga Sjálfstæðisflokksins hefur í för með sér lækkun álagningarprósentu um 11,4% milli áranna 2019-2020. Breytingar á beinum tekjustofni Akraneskaupstaðar við þessa tillögu út frá núverandi forsendum mynda lækkun um 18,5 milljónir króna. Þeirri lækkun yrði mætt með tilfærslu verkefna í fjárfestingum og framkvæmdum sem og með sölu eigna sem leiðir til minni útgjalda á viðhaldsliðum.

Rakel Óskarsdóttir (sign)

Bæjarráð heldur aukafund vegna fjárhagsáætlunar fimmtudaginn 7. nóvember næstkomandi og hefst fundurinn kl. 8:15. Þar verður endanleg fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 samþykkt og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:55.

Elsa Lára Annarsdóttir

Valgerður S. Jónsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Sam Freyr Þráinsson

Sigrún Aðalsteinsdóttir

Steinar Aðalsteinsson